

1. KAFLI



„Kona leggur upp í leiðangur“

ÞAÐ VAR FARIÐ AÐ HITNA í kolunum og nú yrði ekki aftur snúið. Ekki í þetta skiptið. Hún sá það í augum hans. Í augasteinum hans dunaði æðasláttur. Herramaðurinn sem hún hafði þekkt í þrjár vikur var horfinn. Hann var alls ekkert blíður lengur. Hann var bara karlmaður.

Augu þeirra mættust með merkingarhlöðnu augnaráði. Hann lyfti hendinni og þrýsti að hvítri silkiablússunni hennar. Hjartsláttur hennar fálmaði eftir hendi hans. Hann kyssti hana fast, blautt, greip svo um mjaðmir hennar þar sem hún sat klovvega yfir honum og lyfti henni af sér. Hún hrópaði upp yfir sig þegar hann skellti henni á –

„Eitthvað að drekka?“

– bakið á dýra sófanum með silkiáklæðinu.

„Frú?“

„Við ættum ekki að gera þetta,“ urraði hann. „Þú ert starfsneminn minn. Og afi krefst þess að ég giftist Caroline.“

„Eitthvað að drekka?“

Óþolinmóður raddblærinn náði loks í gegn og Sewanee Chester, felmtri sleginn farþeginn í gluggasætinu, reif af sér hljóðeinangrandi heyrnartólin eins og það hefði kviknað í þeim. „Ha? Fyrirgefðu! Hvað segirðu?“

„Má bjóða þér eitthvað að drekka?“

„Eh. Bara vatn. Takk.“

„Klaka?“

„Eh, bara – takk.“

Hún felldi niður borðið og flugfreyjan rétti henni vatnsglas-ið. Áður en hún gat þakkað henni fyrir sneri konan við ganginn sér að dóttur sinni í miðjusætinu og spurði sykursætri röddu, þeirrar tegundar sem notuð er til jafns við gæludýr og börn: „Eitthvað að dreeeeeekka?“

„Safa!“

„Hveeeeernig safa?“

Sewanee smeygði heyrnartólunum aftur á sig og áttaði sig á því að hún hafði ekki ýtti á pásu á hljóðbókinni. Hún var komin úr blússunni núna. Hún andvarpaði, ýtti á pásu, tengdist netinu í flugvélinni og sendi Mark skilaboð:

Góðan daginn. Ég hata þig.

Hún ýtti á senda og fékk sér vatnssopa.

Tuttugu sekúndum síðar svaraði hann:

Ég lét þig hafa eina af bókunum sem hafa fengið hvað mest lof!

SEWANEE:

Hann er með æðaslátt í augasteinunum, Mark.

AUGASTEINUNUM.

Á meðan Mark var að skrifa (punktar, punktar, punktar ... hann var að nálgast sjötugt svo hún gaf honum smá slaka) fékk Sewanee sér sopa.

MARK:

Ekki vera snobbuð. Við eigum ekki öll feður sem eru háskólapróffar í ensku elskan.

SEWANEE:

Þetta hefur ekkert með snobb að gera. EÐA pabba minn. Þetta er bara LÍFFRÆÐI.

Mark hunsaði þetta:

Mjög þakklátur að þú hlaupir í skarðið.

SEWANEE:

Ég geri hvað sem er fyrir þig. Hvernig er fóturinn?

MARK:

Ennþá brotinn. Hvernig ert þú?

SEWANEE:

Mig langar að finna annað nafn á þetta pallborð.

MARK:

Hvað er að Að feika það: Lesarar um ást og kynlíf í ástarsögum?

SEWANEE:

Ég var að hugsa um ... Upplestur á ástarsögum: Að veita góð munnrök.

Hún hallaði höfðinu alla leið aftur til að klára úr glasinu. Klakarnir gerðu flóttatílaun og skullu svo harkalega á tönn-um hennar að vatnið gusaðist niður eftir hálsinum á henni og á skyrtuna.

„Þú sullaðir!“

Sewanee brosti þvingað til barnsins á meðan hún tyllti glasinu í hringlaga leikgrindina á brún borðsins. Hafði þessi litli kantur nokkurn tíma komið í veg fyrir að glösin yltu um koll í ókyrrð? Hún væri til í að sjá tölfræðina þar.

MARK:

Ég veit hvað þér finnst um ástarsögur en þú kemst gegnumetta. En gerðu það, taktu þetta alvarlega.

SEWANEE:

*gegnum þetta

Í kallkerfinu las flugþjónn upp tilkynningu: „Góðir farþegar, ég veit að við vorum rétt að klára að færa ykkur veitingar en eftir nokkrar mínútur hefjum við aðflugið til Las Vegas. Nú biðjum við ykkur því að ganga frá öllum raftækjum –“

Sewanee leit á símann. Mark var búinn að skrifa.

MARK:

Aðdáendurnir eru brjáláðir. Þú ættir að sjá facebook-hópana. Þú veist eggert.

SEWANEE:

*ekkert. Við vorum búin að ræða þetta. Ég skil.

MARK:

Bandskotans autocorrect! Þetta er BiblioCon! Fimmtíu þúsund gestir og lágmark þriðjungur þeirra heimsækir ástarsögusviðið.

„Afsakaðu frú, þú þarft að setja upp borðið.“

Sewanee gerði það.

„Ég þarf líka að biðja þig að reisa sætið alveg við.“

„Það fer ekki ofar.“ Sewanee hélt áfram að pikka á símann.

Flugfreyjan teygði sig yfir móður og barn til að rykkja sæti Sewanee fram á við. Litla stúlkan sneri sér við til þess að aðstoða í smá stund en fórnaði síðan klístruðum höndum í upp-gjöf. „Það fer ekki ofar!“

„Takk fyrir,“ muldraði Sewanee.

„Ekkert að þakka,“ svaraði hún.

SEWANEE:

Mark, ég sagði að ég næði þessu. Risa! Stórt! Þú færð bók og þú færð bók og þú færð bók!

MARK:

Og ekki gleyma að skemmta þér, Oprah.
Vegas, elskan! LOL.

Sewanee opnaði tölvupóstinn og fór aftur yfir yfirþyrmandi fjölda viðburða á BiblioCon. Hún síaði viðburðina eftir ástarsagnadagskránni og fletti í gegnum höfundaspjall, áritanir, kokteilstundir á barnum og hljótt góðgerðaruppboð. Hún hló upphátt að einum vinningnum: stefnumóti við karlfyrirsætu af bókarkápu. Svo skrunaði hún yfir þetta ógrynni pallborða á dagskránni: Sverðaskak: Að skrifa KK/KK-ástarsögur þegar þú ert ekki með sverð sjálf; Að skrifa um sögulegan klæðnað og hvernig best er að afklæðast honum; og svo auðvitað hennar eigin pallborð um framleiðslu hljóðbóka sem Mark – leiðbeinandi hennar, yfirmaður og leigusali – hefði sjálfur stýrt, ef hann hefði ekki bakkað eigin bíl yfir fótinn á sér fyrir tveimur dögum. Rauði Karmann Ghia-bíllinn, Sal, var það næsta sem

Mark hafði komist langtímasambandi síðan hann flúði frá San Francisco í sama bíl fimmtán árum fyrr. Eftir að kærastinn hans, Julio, dó.

Hún hafði glöð tekið að sér að hjálpa honum með BiblioCon, en það voru tvö vandamál í stöðunni. Kannski þrjú. Þótt hún væri kannski helsta hjálparhella Marks og aðstoðaði hann við rekstur hljóðversins sem hann hafði komið upp á heimili sínu í Hollywood Hills, í skiptum fyrir að fá að búa í gestahúsinu, þá var hún ekki hljóðbókaframleiðandi eins og Mark; hún var lesari. Hitt vandamálið var að hún var lesari sem las aldrei ástarsögur. Hún hafði gert það til að byrja með, þegar hún var að komast inn í bransann, og tók þá upp undir dulnefni eins og margir lesarar. En þegar starfsferillinn komst á skrið hafði hún lagt dulnefnið á hilluna, snúið baki við ástarsögunum og aldrei litið um öxl. Í síðasta lagi var hún ekki einu sinni hrifin af bókmenntagreininni.

Hún átti ekki heima á ástarsagnasviðinu.

Hún fór aftur yfir upplýsingarnar sem Mark hafði sent henni. Það var ekkert á dagskrá fyrr en á morgun. Pallborðið var um morguninn, svo átti hún að manna bás á ráðstefnunni það sem eftir lifði dags og svara spurningum höfunda um hljóðbókaframleiðslu. Og svo stutt flug aftur heim seinni part sunnudags. Þetta voru tveir auðveldir sólarhringar í lífi hennar. Plús að hún fékk að vera í Vegas á sama tíma og besta vinkona hennar, sem hafði líka verið véluð til að mæta á ráðstefnuna. En af allt öðrum ástæðum.

„Ertu sjóræningi?“

Sewanee sneri sér hissa að litlu stúlkunni og sá að hún starði á hana.

Móðir hennar hrökk líka við. „Hanna!“

„Hún lítur út eins og sjóræningi.“

Móðirin faðmaði stúlkuna þétt að sér og þaggaði þannig

hentuglega niður í henni. „Þú verður að afsaka hana. Hún er fjögurra ára.“

„Ég er alveg að verða fimm!“ Hanna hljómaði eins og hún væri að rífast ofan í kodda.

„Þetta er allt í lagi,“ Sewanee setti upp umburðarlynt bros. „Nei, ég er ekki sjóræningi.“

Hanna álaði sig úr rembingstaki móður sinnar og sneri sér alveg að Sewanee. „En þú ert með lepp fyrir auganu.“

„Hanna.“ Nú var röddin hvassari. Samkvæmt Los Angeles-viðmiðum gæti hún jafnvel talist beitt. Hún sneri sér að dóttur sinni, mjakaði sér fram á sætisbrúnina, losaði beltið og staðsetti sig *beint fyrir framan* barnið og *í hennar augnhæð*, eins og henni hafði líklegast verið kennt að gera. Nú var komið að því að uppfræða.

„Við spyrjum ókunnugt fólk ekki persónulegra spurninga, elskan. Þú ert svo, *svo* klár, og ég elska hvað þú ert forvitin, en við verðum að virða einkalíf fólks, óóókei?“ Háa gæludýra-röddin var komin aftur.

Hanna sneri sér aftur að Sewanee. „En af hverju ertu með hann?“

Móðir hennar sneri henni aftur til sín. „En heyrðu mig, Hanna þanna, það er persónuleg spurning, ekki satt?“

„Ekki kalla mig Hönnu pönnu. Ég er búin að segja þér að ég þoli það ekki.“

„Fyrirgefðu.“

Hanna sneri sig frá henni og aftur að Sewanee. „Ertu slösuð?“

Lokatilraun: „Hanna!“ En Sewanee var vön þessum spurningum. Og svo var það kannski bara frískandi að í þetta skiptið bærust þær ekki frá fullum gaur á bar.

„Neibb. Ekki lengur.“

„En, en, ef þú ert ekki slösuð, af hverju er –“

Að því sögðu þá var þolinmæði Sewanee ekki endalaus.

„Það væri gaman að halda áfram að spjalla við þig,“ sagði hún og drap fingri á bluetooth-heyrnartólin um hálsinn á sér, „en ég verð að klára að vinna.“ Hún gaut augunum á móðurina í von um að fá aðstoð frá foreldrinu.

„Ó, auðvitað! Fjögurra ára börn eru bara svo forvitin –“
„Fimm!“

Sewanee hristi höfuðið. „Þetta er allt í góðu. Ég er bara í tímaþröng og ef ég klára ekki að hlusta á þetta gæti ég þurft að leita að nýju starfi.“

Kannski var bakgrunni hennar í spunaleikhúsi um að kenna, leiklistarþjálfuninni, barnæskunni sem hún varði á kafi í sögum, en Sewanee kunni að ljúga. Fór létt með það. Og að sjálfri sér rétt eins og öðrum. Hún lyfti heyrnartólunum af hálsinum og kom þeim fyrir á eyrunum. Hún ýtti á spila á símanum. Það heyrðist ekkert. Hún hækkaði. Enn heyrðist ekkert. Hún hækkaði í botn.

Út undan sér sá hún móðurina grípa fyrir eyrun á Hönnu, draga hana upp að grönnu brjóstinu og glenna augun í átt að Sewanee.

Nei.

Guð, nei.

Hún reif af sér heyrnartólin í tæka tíð til að heyra, á hæsta mögulega hljóðstyrk: „Hann ýtti leggjum hennar í sundur svo hún lá glennt undir honum, þetta dulda svæði líkama hennar opið fyrir ólgandi augum hans. Hún var þegar gljáandi rök og titrandi –“

Sewanee ýtti svo fast á pásutakkann að síminn datt á gólfid. Hún fálmaði eftir honum og hljóðbókin hélt áfram:

„„Segðu það,“ urraði hann. „Ég vil heyra þig segja það.“ Hann sleikti hana einu sinni stríðnislega. Hún stundi. „Segðu að þú viljir –““

Síminn hafði lent undir dinglandi fótum Hönnu, klæddum

Disneyprinsessu-strigaskóm með ljósum. Sewanee greip hann, settist snarlega upp og eftir þrjár tilraunir stöðvaði hún hljóðbókina ... rétt eftir að hann sagði „skaufann á mér“.

Hún starði á símann og leiddi augnaráðið sem boraðist inn í gagnaugað á henni hjá sér. Hún andaði að sér og vonaði að hún virtist alveg afslöppuð. Og rétt eins og ekkert hefði gerst (afneitun var annar hæfileiki sem hún hafði þróað vandlega með sér) sneri hún baki í móður og barn og leit út um gluggann.

Þegar hún hafði náð einbeitingu og tók virkilega eftir útsýninu sem aðflugði bauð upp á komst hún að þeirri niðurstöðu að Las Vegas væri bara frekar slöpp svona í dagsbirtu. Öll neonljósin á nóttunni virkuðu eins og víagra á Vegas.

Hún ók sér í sætinu. Hver fer eiginlega með barn til Las Vegas hvort sem er? hugsaði hún með sjálfri sér, þótt það væri kannski ekki alveg rökrétt. Frábært uppeldi. Hún þekkti svona mæður. Hún átti svona móður, fjárin hafi það. Mjúka, allt of elskulega. Hún hafði fengið sama uppeldi og Hanna var að fá. Vesturhluti Los Angeles (það sást á vöðvunum í jógahandleggjum mömmunnar, fullkomnum hárlitnum, vandlega hirtri húðinni), skólur með *tilfinningum*, foreldrar sem vildu bara það besta fyrir barnið sitt á meðan þeir gættu þess líka að barnið væri best. Sem sögðu börnunum að þau gætu orðið hvað sem er, gert hvað sem er, að draumar rættust víst, þau væru sérstök, þau væru útvalin. Vertu bara *góð* við alla, *virtu* alla, segðu satt, leggðu hart að þér og allt á eftir að falla með þér. Þú munt lifa hamingjusöm til æviloka.

Einmitt, gangi þér vel með það, Hanna.

Af því að svona er þetta í raun og veru.

Merkilega venjuleg kona, röngum megin við þrítugt, á leið til Vegas, með lepp fyrir auganu, sem situr í biluðu flugvélar-sæti að hlusta á klám.